

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi:

*Deiliskipulag Bókfells við Helgadalsveg. Nýtt deiliskipulag.*

Skipulagssvæðið sem er úr Hraðastaðalandi er 1,18 ha að stærð og gerir tillagan ráð fyrir að það verði nýtt til íbúðar og landbúnaðarstarfsemi. Heimilt verði að byggja á því eitt einnar til tveggja hæða íbúðarhús og einnar hæðar landbúnaðarbyggingar, hámarksnýtingarhlutfall verði 0,1. Byggja megi við núverandi hús (Bókfell), eða rífa það og byggja nýtt hús í þess stað. Samþykkt 22. desember 2010 skv. 25. gr.

*Reykjahvoll 39-41.*

Breyting á „deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal“ sem síðast var breytt 27. ágúst 2008. Ný deiliskipulagsbreyting felur í sér að lóðamörk milli lóðanna nr. 39 og 41 við Reykjahvol breytast, þannig að nr. 39 stækkar um 2.280 m<sup>2</sup> á kostnað nr. 41. Einnig er byggingarreitur Reykjahvols 41 lagaður að nýrri legu lóðamarka. Samþykkt 22. desember 2010 skv. 1. mgr. 26. gr.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 26. janúar 2011,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2011